

# KJARVAL




Bautabúrs  
ungnautahakk

**1098**  
kr./kg

## Hagkvæmt í heimabyggð



Bautaúrs  
skinka  
**198**  
kr./pk.



Martinga pizza  
með skinku  
**249**  
kr./stk.



Meistararöndluökazka  
**499**  
kr./stk.



Perur  
**169**  
kr./kg



AB mjólk og  
lett AB mjólk  
**189**  
kr./stk.



Gevalia kaffi,  
rautt original  
**698**  
kr./pk.



Pepsi og  
Pepsi Max, 2 l  
**199**  
kr./stk.



Egils Gull,  
166cl, 0,5 l  
**99**  
kr./stk.

Kjarval: Sími 487 4616 Vik: Sími 487 1325 Heilivákur: Sími 565 7580 Þorlákshöfn: Sími 565 7395 Hella: Sími 565 7585

SJÁ ÖPNUNARTÍMA Á WWW.KJARVAL.IS

# VITINN

UTG. FRETТАBUI SIMI: 4871429 NETFANG [frettir@simnet.is](mailto:frettir@simnet.is)

**Auglýsingar berist ekki síðar en kl. 10 á þriðjudagsmorgnum**

## Í tilefni af þrjátíu ára afmæli Víkurprjóns ehf.

verður opið hús hjá

okkur að Austurvegi 20,

föstudaginn 1. okt n.k. frá kl. 13 – 18



Vonumst til að sem flestir sjái sér fært að líta við.

Léttar veitingar á staðnum.

Starfsfólk Víkurprjóns

SMÁAUGLÝSINGAR

38. TBL. 14. ÁRGANGUR MIÐVIKUDAGINN 22. SEPTEMBER 2010

# Sólheimakapella í Mýrdal 50 ára



Í tilefni af 50 ára vígsluafmæli Sólheimakapellu í Mýrdal verður efnt til hátíðarguðsþjónustu í kapellunni nk. sunnudag 26. september 2010, kl. 14:00.

Kristín Björnsdóttir í Sólheimakoti, sem er organisti kapellunnar, leiðir almennan söng kirkjugesta.

Einar Þorsteinsson meðhjálpari í Sólheimahjálegu rekur sögu kapellunnar. Kári Gestsson organisti og Kristinn Jóhann Niésson skólástjóri tónskóladeildar Víkurskóla, leika saman á orgel og fiðlu.

Eftir guðsþjónustuna býður heimilisfólkið í Sólheimahjáleigu til kaffidrykkju á heimili sínu.

Allir velunnarar Sólheimakapellu í Mýrdal hvattir til að fjölmenna og eiga góða stund saman af ánægjulegu tilefni.

Fyrir hönd Sólheimakapellu,  
Haraldur M. Kristjánsson  
sóknarprestur

Samantekt 6. til 15. september 2010

## LÖGREGLAN HVOLSVELLI

Alls voru 93 mál þessa vikuna á Hvolsvelli.

Í vikunni var ein líkamsárás tilkynnt til lögreglunnar á Hvolsvelli. Dansleikur var haldinn á Kirkjubæjarklaustri en þar var fjölmennt en allt gekk vel og fólk skemmti sér vel. Um næstu helgi verður dansleikur í Tunguseli í Skaftártungu einnig mun verða dansleikur á Kanslarinn á Hellu, en um þessar mundir eru réttarböllin haldin.

Ökumaður mótorcrossbifhjóls slasaðist við Heljargjá við Þórisvatn. Sennilega hefur hann farið út axlarlið. Honum var ekið í einkabifreið til Reykjavíkur til aðhlyningar.

Einn ökumaður var handtekinn á s.l. sunnudag grunaður um að hafa ekið undir áhrifum áfengis. Mun hann hafa hafnað utan vegar en komist inn á veginn aftur og náðist til hans við Landvegamót. Mál hans hlýtur venjubundna afgreiðslu. Lögreglan vill itrekað benda á að það er stórhættulegt að aka undir áhrifum áfengis og dauðans alvara. Einnig má benda á að erfitt er að hafa ekki ökuréttindi en svipting við fyrsta brot getur numið tveimur árum. Við itrekuð brot er einnig löng svipting, fjögur til ævilangrar sviptingar.

Fyrir of hraðan akstur voru 25 ökumenn stöðvaðir. Sá sem hraðast ók var á 128 km. hraða.

Farið varlega í leik og starfi og akið varlega í umferðinni.

Lögreglan á Hvolsvelli

Vegna mikillar umræðu um eldgos og Kötlu rifjaðist upp þessi vísa sem Kjartan L. Markússon gerði fyrir löngu síðan en þá voru menn byrjaðir að vænta þess að Katla færi að gjósa.

Ekki Katla enn upp ris  
ennþá vært hún sefur.  
Þykkan feld af fönn og ís  
fyrir sæng hún hefur

## Á DÖFINNI

**Opið hús** vegna þrjátíu ára afmælis Víkurprjóns ehf. föstudaginn 1. okt n.k. frá kl. 13 – 18

**50 ára vígsluafmæli** Sólheimakapellu í Mýrdal nk. sunnudag 26. september 2010, kl. 14:00.

**Fylaveislan** á Ströndinni laugardagskvöldið 6. nóvember

**Prjónakaffihúsið** á Halldórskafti er að byrja. fimmtud. 23. sept. 7. okt. - 21. okt. - 4. nóv. - 18. nóv. og 2. des. kl. 20:00

**Fyrsta samvera** Kirkjuskólans í Mýrdal í Víkurskóla í Vik 25. september 2010,

**Tannlæknir** á Heilsugæslunni á Kirkjubæjarklaustri 1.-3. október 2010.

**Fyrsti fundur** hjá kvenfélagi Dyrhólahrepps þriðjudaginn 28. sept. kl. 20:30 í Ketilsstaðaskóla

Orð eru silfur ef aðeins þú velur  
og aldrei þeim leyfir að særa né brjóta.  
Þögnin er gull sem í gæfunni dvelur  
gott er með vini að hlusta og njóta.

*Þetta ljóð hefur áður birst í Vitnum, en höfundarnafn var ekki rétt, en ljóðið er eftir Lovísu Mariu Sigurgeirsdóttur*

## Netverslunin - [www.fallegot.is](http://www.fallegot.is)

Mikið úrval að nýjum og ódýrum fötum, sendi um land allt.

Nýjar sendingar koma reglulega - skráið ykkur á póstlistann og fylgist með.



# Kirkjuskólinn í Mýrdal

Fyrsta samvera Kirkjuskólans í Mýrdal verður í Vikurskóla í Vik nk. laugardag, 25. september 2010, frá kl. 11:15 - 12:00.

Söngur, fræðsla, litastund og sitthvað fleira.  
Verum nú sérstaklega dugleg að sækja samverurnar í vetur.



BARNASTARF  
KIRKJUNNAR

Hlakka mikið til að hitta ykkur.

Kær kveðja  
Sóknarprestur

## Tannlæknir á Heilsugæslunni á Kirkjubæjarklaustri

*Sonja Rut Jónsdóttir tannlæknir verður á heilsugæslunni á Klaustri 1.-3. október 2010.*

Tímabantanir eru á Heilsugæslunni í síma 480-5350

## Fyrsti fundur

hjá kvenfélagi Dyrhólahrepps verður haldinn þriðjudaginn 28. sept. kl. 20:30 í Ketilsstaðaskóla

Nýir félagar velkomnir

Stjórnin



### Upplýsingaskilti

Vegagerðin í Vik hefur sett upp upplýsingaskilti vegna vindstyrks við veginn skammt fyrir ofan byggðina í Vik, þá hefur annað eins skilti verið sett upp við Heimaland undir Eyjafjöllum. Hægt verður að fá upplýsingar í síma um vindstyrk og eins í rokhviðum. Vitinn greinir frá því síðar í hvaða símanúmer verður hægt að hringja í til að fá upplýsingar. E.

*Ströndin*  
BISTRO & BAR

*Fýlaveislan verður haldin  
laugardagskvöldið 6. nóvember.*

*Erum farin að taka við pöntunum í síma 487-1230*

## Halló Halló!

**Nú er komið að því, þrjónakaffihúsið er að byrja.**

Við hittumst fyrst fimmtud. 23. sept. kl. 20:00  
á Halldórskaffi hjá Kollu og Sigga:

*Og svo áfram annan hvern fimmtudag fram í desember.*

Sem sagt: 7. okt. - 21. okt. - 4. nóv. - 18. nóv. og 2. des.

**Eins og alltaf eru þrjónarnir ekki aðalatriðið,  
muna bara eftir góða skapinu.**

Og svo allir að mæta, yngri sem eldri, strákar og stelpur.

*Kolla sér um kaffið, Siggi það kalda?*

Sjáumst  
Kvenfélag Hvammshrepps.

Ps. Pálmi í Kjarval er með þrjónana og garnið

Geymið auglýsinguna

# Regnbogamarkaður



Erstu snillingur að þrjóna, sauma, hækla, smyrna, baldýra, orkera eða rýja?

Kanntu að búa til falllegar myndir, fínlega skartgripi, töff bælti, glæsilega lampa, skera út, eða eitthvað allt annað? Átt þú skemmtilegt dót í geymslunni sem gaman væri að koma í vörð? Kannski skrautlega kjóla, væsti af afa eða notaleg nendress? Það sem þér finnst vera drasl getur öðrum fundist hræinasta gærsemi.

Þar sem Regnbogamarkaðurinn sló rækilega í gegn á síðasta ári var ákvæðið að halda áfram og gera nú enn betur, m.a. með lengri opnunartíma. Regnbogamarkaðurinn er eftir sem áður hluti af menningarháttinum Regnboganum sem lita mun mannlífið svo um munar hægina 1. - 3. október n.k. Markaðurinn verður í fjélahgshéimilinu Leikskálum laugardaginn 2. okt og sunnudaginn 3. okt. frá kl. 11:00 - 16:00 Ef veður leyfir og stemming myndast verður einnig hægt að vera utandyra. Í fyrra myndaðist skemmtileg markaðsstemming, sem við endurvækjum í ár.

Vinsamlegast tilkynnið þátttöku á netfangið [ingur@vik.is](mailto:ingur@vik.is) sem fyrst eða í síðasta lagi 25. sept. (viku fyrir markaðsdaginn).

Nánari upplýsingar fást hjá Hörfu í síma 869-2722 og Ingur í síma 690-2407.

Undirbúningsnefndin



Félagsmenn  
Verkalýðsfélags Suðurlands

Lögfræðipjónusta



Verkalýðsfélag Suðurlands minnir félagsmenn á lögfræðipjónustu í boði félagsins.

Einu sinni í mánuði gefst félagsmönnum kostur á viðtali við lögmann sér að kostnaðarlausu.

Við lögmann má bera hvert það álitæfni sem félagsmenn hafa spurningar við.

Næsti viðtalstími verður:

Þriðjudaginn 28. september 2010

Tímamantanir í síma 487-5000

## Frá Hjallatúni.

Starfsmann vantar til að vinna við umönnun aldraðra á Hjallatúni.

Um er að ræða vaktavinnu og starfshlutfall er 60 - 80 %

Áhugasamir hafi samband við  
Guðlaugu hjúkrunarforstjóra í s. 868-1181.